


Nr.: STS-016	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 6.0		
Dags: 23.02.2018		
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 4	Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.	

Stefna Tækniskólans er að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi og ótilhlýðileg háttsemi í hvaða mynd sem er, sé ekki liðið. Leita skal allra ráða til að fyrirbyggja slíkt og leysa þau mál sem upp koma á sem farsælastan hátt. Í skólanum skal lögð áhersla á að efla vitund starfsfólks og nemenda um mikilvægi jákvæðra samskipta og gera þau einkennandi í skólasamfélaginu, t.d. með fræðslu um jafnrétti.

Viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi eru nánar skilgreind í verklagsreglu um viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi, [VKL-107](#)

Í Tækniskólanum er lögð áhersla á góðan starfsanda, þar sem ríkir traust, trúnaður, jafnræði og hreinskilni milli allra starfsmanna. Starfsmönnum ber að temja sér kurteisi og háttvísi í framkomu og sýna hver öðrum tilhlýðilega virðingu og jákvætt viðmót.

Allir á vinnustaðnum þurfa að leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja neikvæða hegðun og stuðla að góðum samskiptum, starfsánægju og öruggu umhverfi. Þetta skiptir okkur öll miklu máli og við berum öll ábyrgð í þessum efnum. Því er mikilvægt að starfsfólk láti vita ef upp koma neikvæð og erfið samskipti til að hægt sé að taka á málum.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi verður undir engum kringumstæðum umborið á vinnustaðnum, hvorki í samskiptum starfsmanna, samskiptum við nemendur eða samskiptum við einstaklinga sem sækja þjónustu til Tækniskólans.

Upplifun einstaklingsins skiptir meginmáli þegar rætt er um einelti og aðra ótilhlýðilega hegðun. Sérhver þolandi verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber, frá hverjum og segja frá sé honum misboðið.

Stefna þessi er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1009/2015 um um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.


1. Markmið.

Í samræmi við reglugerð nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, mun Tækniskólinn ekki líða neina slíka háttsemi né annað ótilhlýðilegt háttalag sem særir eða meiðir einstaka starfsmenn. Stefna þessi er sett fram til að skýrt sé hvernig brugðist er við aðstæðum þar sem einstaklingur eða hópur starfsmanna telur sig verða fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi eða annarri ótilhlýðilegri háttsemi á vinnustað af hendi samstarfsmanna.

2. Skilgreiningar

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi.

Nr.: STS-016	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 6.0		
Dags: 23.02.2018		
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 4	Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.	

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg.

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáningar þess sem fyrir henni verður. Einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Önnur ótilhlýðileg háttsemi: Getur meðal annars falist í lítilsvirðandi framkomu, klámfenginni háttsemi eða snertingu sem þykir nærgöngul eða óviðeigandi.

Meintur þolandi: Sá sem telur sig verða fyrir einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, ofbeldi eða ótilhlýðilegri háttsemi.

Meintur gerandi: Sá sem kvörtun um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða ótilhlýðilega háttsemi beinist að.

Skoðanaágreiningur milli starfsmanna eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki undir neitt af ofangreindu.

Dæmin fyrir neðan sýna um hvers konar hegðun getur verið að ræða sem veldur því að meintur þolandi upplifir að hann sé lagður í einelti:


Starfstengdar athafnir:

- Grafið er undan trausti á faglegri hæfni starfsmanns eða frammistöðu hans.
- Starfsmaður er hafður undir stöðugu eftirliti og markvisst leitað að mistökum hans.
- Starfs- eða verkefnaþingum upplýsingum er haldið frá starfsmanni.
- Geðþóttakenndar breytingar eru gerðar á verksviði starfsmanns.
- Ábyrgð er tekin af starfsmanni án þess að ræða það við hann.
- Gagnrýni er látin í ljós á niðrandi eða neikvæðan hátt í viðurvist annarra.
- Vilji samstarfsmanna til aðstoðar er lítill.

Félagsleg útskýfun og særandi framkoma:

- Starfsmaður er markvisst sniðgenginn og útilokaður frá starfshópum og félagslífi.
- Baktal og slúður.
- Starfsmenn skemmta sér á kostnað eins.
- Niðrandi athugasemdir eða dylgjur.
- Endurteknar skammir.
- Endurtekin stríðni.

3. Gildissvið

Nr.: STS-016	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 6.0		
Dags: 23.02.2018		
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 4	Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.	

Stefnan nær yfir alla starfsmenn Tækniskólans, einstaklinga sem koma tímabundið til starfa eða starfa sem verktakar í skólanum sem og nemendur og starfsmenn fyrirtækja/stofnana sem eiga í samskiptum við skólann.

Stuðst verður við verklagsreglu um viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi, [VKL-107](#) í öllum þeim tilvikum þar sem starfsmaður/-menn eru grunaðir um að leggja starfsmann/-menn, eða aðra þá sem verklagsreglan tekur til, í einelti eða áreita á annan hátt.

4. Hlutverk starfsmanna

Það er hlutverk allra starfsmanna að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað. Mikilvægt er að starfsmenn sýni samkennd og séu vakandi gagnvart allri slíkri háttsemi. Starfsmenn Tækniskólans eiga að þekkja gildi hans, virða stefnu þessa, vera meðvitaðir um hegðun sína og stuðla að því að tekið sé á allri ótilhlýðilegri háttsemi sem og öðrum ágreiningsmálum.

Það er á ábyrgð allra starfsmanna Tækniskólans að koma í veg fyrir einelti og aðra ótilhlýðilega hegðun, bæði með eigin athöfnum og tilkynningu um slíkt til yfirmanns eða skólameistara.

5. Skyldur stjórnenda

Stjórnendur skulu ganga á undan með góðu fordæmi og sýna öðrum starfsmönnum tillitssemi, virðingu og umburðarlyndi, stuðla að góðum starfsanda, fylgjast með samskiptum starfsmanna og taka á ágreiningsmálum. Viðbrögð skulu vera markviss og leitað lausna.

Stjórnendur skulu vinna að því að tryggja gott vinnuumhverfi og að samskipti í skólanum séu í samræmi við stefnu hans. Þeir skulu kynna nýjum starfsmönnum stefnu þessa og verklagsreglu, [VKL-107](#), þegar við upphaf starfs.


Stjórnendur þurfa að vera meðvitaðir um þær aðstæður í skólanum sem geta ýtt undir einelti, áreitni og ofbeldi og fyrirbyggja óviðeigandi hegðun s.s. með því að taka strax á neikvæðu tali, vera fyrirmynd í framkomu og samskiptum og efla jákvæðan starfsanda. Þeir skulu gera starfsmönnum það ljóst ef hegðun þeirra er óviðeigandi.

Stjórnendur skulu í samstarfi við skólameistara bregðast við í samræmi við verklagsreglu VKL-107 ef kvörtun eða ábending berst um einelti, áreitni eða ofbeldi. Þeir skulu sýna varfærni, nærgætni og trúnað í öllum aðgerðum.

6. Skyldur starfsmanna

Starfsmönnum er óheimilt að leggja aðra starfsmenn í einelti, áreita eða beita þá ofbeldi.

Starfsmaður skal tilkynna til næsta yfirmanns eða skólameistara telji hann sig hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi eða hefur rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustaðnum.

Nr.: STS-016	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 6.0		
Dags: 23.02.2018		
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 4 af 4	Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.	

Hafa ber í huga að einstaklingur getur verið ómeðvitaður um að hegðun hans sé óviðeigandi. Því er mikilvægt að starfsmenn setji mörk og geri grein fyrir því ef þeim líkar ekki framkoman.

Ef einstaklingur treystir sér ekki til að tala við viðkomandi ætti hann að leita aðstoðar og eftir atvikum tilkynna um málið.

7. Framkvæmd

Nýjum starfsmönnum skal kynnt stefna þessi og verklagsregla um viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi, VKL-107 til að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi strax við upphaf starfs. Stefnan og verklagsreglan skulu rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er ekki liðið hjá Tækniskólanum en jafnframt verður tekið á fölskum ásökunum um einelti, áreitni eða ofbeldi. Ef yfirmaður fær vitneskju um einelti, áreitni eða ofbeldi skal hann bregðast við í samræmi við verklagsreglu [VKL-107](#).

Tækniskólinn munu grípa til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem leggja aðra í einelti, beita áreitni eða ofbeldi, t.d. með áminningu eða uppsögn. Gerandinn verður látinn axla ábyrgð. Þörf þolanda fyrir stuðning er metin og stuðningur veittur eftir því sem þörf krefur.

Leiði mat á aðstæðum til þess að meint einelti, áreitni eða ofbeldi eigi sér ekki stað eða hafi ekki átt sér stað á vinnustaðnum skal samt sem áður grípa til aðgerða í því skyni að uppræta þær aðstæður sem kvartað hafði verið yfir eða bent verið á, séu aðstæðurnar enn til staðar, sem og í því skyni að koma í veg fyrir að aðstæðurnar komi upp aftur.

Tilvísanir:

Viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi [VKL-107](#)

Reglugerð nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum